



Stjórn FÍR

Reykjavík 8. júní 2022

Fundarstaður: Stórhöfði 29

Mættir voru: Andri Reyr Haraldsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Sigmundur Grétarsson, Kristján Helgason og Eiríkur Jónsson.

Mættur í fjarfundi: Sigurður Freyr Kristinsson.

Fundur hófst kl. 18.04.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Formaður lagði fram fundargerð frá fundi stjórnar 18.05.2022 til samþykktar, fundargerðin var samþykkt.

2. Staðan á sögu FÍR (bók)

Formaður lagði til að haldið yrði áfram með hugmyndina um að rita sögu FÍR og mun hann fylgja henni eftir. Var það samþykkt, einnig að fá kostnaðarhugmyndir til að halda áfram með bókina.

3. Hús fagfélaganna og staðan þar

Stjórnin ræddi um stöðu mála hjá Húsi fagfélaganna. Stjórn er sammála um að halda áfram í þessu samstarfi. Formanni falið að fá nýja fjárhagsáætlun fyrir bæði Hús fagfélaganna og RSÍ.

4. Lífeyriskerfið, hækkandi lífaldur

Formaður ræddi um stöðu í málaflokknum og var stjórn sammála um að það þyrfti að upplýsa og ræða stöðuna við félagsmenn. Rætt um að hafa samband við Rúnar Bachmann sem er formaður fulltrúaráðs launamanna í Birtu lífeyrissjóði. Einnig að fá fund í fulltrúaráði Birtu og fá Ólaf Sigurðsson framkvæmdarstjóra Birtu á þann fund.

5. Öryggismál, rannsóknarnefnd rafmagnsslysa

Formaður upplýsti að hann hefði verið í sambandi við HMS og Innviðaráðaneyti um rannsóknarnefnd rafmagnsslysa. Virðist að stofnun rannsóknarnefndar um rafmagnsslysa

sé á rétttri leið. Formanni falið að fá álit hjá Ólafi lögfræðingi um mál nema sem lenti í vinnuslysi.

6. Gullmerki, ákveða dagsetningu og fyrirkomulag

Stefnt að Gullmerkjaafhendingu 10. sept og mun formaður vinna að því að fá sal og finna fjölda þeirra sem eiga rétt á að fá gullmerki FÍR.

7. Félagsfundir

Stefnt að hafa félagsfundi um leið og gullmerkjaafhendingu á landsbyggðinni, verða dagsetningar ákveðnar sem fyrst. Endað verður með félagsfund í Reykjavík.

8. Verkaskipting og forgangröðun FÍR

Rætt var um verkaskiptingu innan stjórnar og helstu forgangsmál en kjarasamningar á komandi vetri verða helsta málið. Frekari ákvarðanir bíða haustsins.

9. Önnur mál

Rætt var um samskipti Magna Rafns Jónssonar og Rafmenntar um sveinspróf í rafvélavirkjun.

Í Noregi verður sveinakeppni dagana 27. og 28. september næstkomandi. Hugmynd kom upp um að senda tvo keppendur frá Íslandi, væri það góður undirbúningur undir EUROskills 2023. Samþykkt að sækja um styrk til menntasjóðs vegna þessarar ferðar.

Það er misbrestur á því að skýrslum vegna ferða innanlands og erlendis sé skilað til FÍR. Skýrsla um ferð á að vera stutt og hnitmiðuð og með nokkrum myndum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.20.

Fundargerð ritaði SPG